

Fundur miðstjórnar Bandalags háskólamanna
miðvikudaginn 19.10 2005 kl. 16:00
á Grand Hótel Reykjavík

Mættir:

Kristín Hafsteinsdóttir – FL
Signý Þöll Kristinsdóttir – IPÍ
Racel Eiríksson – SÍF
Arndís Bjarnadóttir – SSÍ
Salóme Þórisdóttir – ÞÍ
Kolbrún Baldursdóttir – BHM
Lilja Ingvarsson – IPÍ
Ingi Jón Hauksson – SÍ
Sigríður Björnsdóttir – FH
Þórný Hlynsdóttir – FH
Þrúður G. Haraldsdóttir – FÍN
Ína Björg Hjálmarsdóttir – FÍN
Kristbjörg Magnúsdóttir – LMFÍ
Guðlaug Einarsdóttir – LMFÍ
Stefán Aðalsteinsson – BHM
Elsa Friðfinnsdóttir – FÍH/BHM
Halldór Valdimarsson - BHM

Fundur settur kl. 16:08

Fundarstjóri: Elsa Friðfinnsdóttir

Til afgreiðslu:

1. Ósk um málarekstur frá Félagi Háskólakennara (hjalagt).

Stefán Aðalsteinsson (SA) fylgdi úr hlaði. Skýrði frá því að málið snérist um tvo starfsmenn sömu stofnunar sem eftir starfsmat og í kjölfar skipulagsbreytinga voru lækkaðir úr C-ramma í B-ramma, þrátt fyrir fyrirheit um að um lækkingu yrði ekki að ræða. Stofnunin hefði beðið um frest fram að næstu mánaðarmótum til að svara erindi varðandi málið, en farið væri fram á heimild til að reka málið til að gera mögulegt að fara hratt af stað ef á þyrfti að halda.

Fram kom að frá sjónarhóli Fh væri málið einfalt brot á kjarasamningi.

Í umræðum kom fram að nauðsynlegt væri að fá úr þessu skorið.

Borið upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Tilnefning í starfshóp um efni tilskipana Evrópusambandsins um bann við mismunum með hliðsjón af aðstæðum á íslenskum vinnumarkaði, sbr. hjalagt bréf. Tillaga: Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri BHM.

EBF fylgdi úr hlaði. Tillagan um SA samþykkt með lófataki.

3. Afstaða til þess að verktakar og/eða lausráðnir sjái sjálfir um greiðslur í sjóði að því tilskyldu að þeir séu félagsmenn aðildarféлага BHM. Stjórn BHM hefur óskað eftir tilnefningum skv. ákvörðun miðstjórnar. Ein tilnefning borist, Ingi Jón Hauksson SSÍ.

EBF skýrði frá því að áður hefði verið fjallað um þetta í miðstjórn og grunnstefna hefði verið mótuð, en það nú vantaði starfshóp til að vinna útfærslu nánar.

Í umræðum kom fram að afstaða þessara einstaklinga væri misjöfn í einstökum félögum. Hjá sumum eru þeir eins og venjulegir félagsmenn, hjá öðrum með undanþágustöðu. Að auki var bent á að nýlega hefði félag sem eingöngu er samsett af sjálfstætt starfandi einstaklingum viðrað aðild að BHM. Jafnframt kom fram að í flestum tilvikum svaraði það væntanlega illa kostnaði fyrir verktaka og lausráðna að greiða í sjóði, utan orlofssjóða. Hugsanlega gæti það borgað sig fyrir þá sem hverfa tímabundið úr föstum störfum, en varla aðra.

FÍN tilnefndi Jóhannes Sturlaugsson, með fyrirvara um að hann fái til að taka þetta að sér. Félag lífeindafræðinga tilnefndi Örnú Antonsdóttur.

Jafnframt var lagt til að Dýralæknafélag Íslands og Stéttarfélag sjúkraþjálfara að þau tilnefndu fulltrúa í starfshópinn.

Þetta fyrirkomulag var samþykkt.

Til umræðu:

4. Stefnuþóttunarvinna. Spurningarlisti var sendur til aðildarfélaga 26.09.2005, sbr. hjálagða fundargerð framtíðarnefndar.

SA ítrekaði að félögin sendu inn svör sín við spurningalistanum, eða upplýsingar um að þau treysti sér ekki til að svara, svo nefndin geti haldið áfram störfum. Sagði hann svörin ekki þurfa endilega að vera viðamikil, heldur gefa vísbendingar sem nefndin geti nýtt sér.

Í umræðum kom fram að það vantaði bakgrunnsgögn til að geta unnið svör við sumum spurninganna.

Miðstjórn mæltist til að þessi gögn verði send út.

Til kynningar:

5. Stefna hefur verið birt í máli H.I. B. (Fíh) gegn V. vegna vangoldinna launa EBF kynnti.

6. OBHM hefur keypt nýja íbúð að Álagranda í Reykjavík.

EBF kynnti og sagði ástæðu til að miðstjórn fagni auknu framboði orlofskosta í Höfuðborginni.

7. Dagur íslenskrar tungu (hjálagt).

EBF skýrði frá að um væri að ræða kynningu á dagskrá og tilvísun á heimasíðu.

Önnur mál.

Nokkur önnur mál voru rædd.

Lögð var fram fyrirspurn varðandi breytingu á lögfræðipjónustu bandalagsins í framhaldi af því að ekki er lengur löglerður starfsmaður hjá því.

Skýrt var frá því að fenginn hefði verið lögfræðingur til að veita ráðgjöf, sem áður hefði verið veitt af framkvæmdastjóra. Stjórn bandalagsins hefði síðan neitað að greiða reikninginn þar sem verklagsreglur væru orðnar úreltar.

Í umræðum kom fram að á síðasta miðstjórnarfundi hefði nýjum framkvæmdastjóra verið falið að gera tillögur um endurskoðaðar verklagsreglur í þessum efnunum. Skýrt var frá því að stjórn hefði í afgreiðslu sinni skilið eftir þann glugga að reikningarnir yrðu teknir upp aftur ef nýjar reglur gæfu ástæðu til þess.

Fram kom að fyrstu drög að nýjum reglum yrðu lögð fyrir stjórn BHM á fundi hennar mánudaginn 24. október næstkomandi.

Bent var á að greiðsla reikninga fyrir lögfræðipjónustu hefði ávallt verið háð því að haft hefði verið samband við BHM fyrirfram og bandalagið þá stýrt vali á lögfræðingi.

Fram komu athugasemdir um hvort BHM geti í raun verið án lögfræðings.

Farið var fram á að þetta mál verði tekið formlega á dagskrá miðstjórnar.

Lagt var til að lagt yrði fram formlegt erindi, sem taka mætti fyrir í stjórn og svo miðstjórn ef þurfa þætti.

Samþykkt af hlutaðeigandi félagi.

Fulltrúi Fh fór þess á leit við þau aðildarfélög sem eiga fulltrúa í samstarfsnefnd með Háskóla Íslands og tengdum stofnunum, að þau tilkynni fulltrúa sína í samstarfsnefnd formlega, endurtaki tilkynninguna ef hún hefði þegar farið fram. Ástæða sú að fulltrúar HÍ virtust ekki hafa upplýsingar um fulltrúa félaganna.

EBF bað um hugmyndir varðandi spurninguna “til hvers eru stéttarfélög”, sem hún á að fjalla um í erindi.

Fyrirspurn kom fram um stöðu lausráðinna og tímalengd lausráðningar.

Fleira ekki rætt.

Af heimasíðu BHM:

Ný álit laganefndar BHM: Mál nr. 001/05

Fundi slitið klukkan 17:05